



LESTRAR- RÁÐ



Skólaskrifstofa
Austurlands

Unnið úr REDING
ROCKETShttp://www.rea
dingrockets.org/

Lestrarráð fyrir foreldra 3ja ára barna



Það er mikið að gera á þessum árum, og barnið þarf mikið að HREYFA sig. Mikilvægt er að styðja við málproskann sem heldur áfram að þróast, vekja þarf áhuga á bókum og nálgast lestur á skemmtilegan og uppbyggjandi hátt. Nýtið reynslu dagsins sem býður upp á endalaus tækifæri til að að tala saman og efla málproskann.

Eftirfarandi ráð geta hjálpað barninu þínu að nálgast lesturinn á jákvæðan hátt. Prófið nýtt verkefni í hverri viku og sjáið hvað barnið ræður við. Ef barnið er ekki tilbúið í ákveðið verkefni, geymið það, þar til þroski þess kemst á viðkomandi stig.

Ekki vænta þess að barnið sitji rólegt við lesturinn

Þriggja ára börn hafa mikla hreyfipörf. Þið skulið því ekki hafa áhyggjur þó að það sé mikið á ferðinni á meðan þið lesið. Þau geta verið á fleygiferð... en þau eru samt að.....
.....HLUSTA.

Rímið, syngið, og gerið mistök

Stoppið til að láta barnið ljúka við setningu eða rím í vísun. Þegar barnið hefur áttað sig mynstrinu í ríminu, skulið þið gera mistök, og láta barnið leiðrétta ykkur. T.d. "Afi minn og amma mín úti á Bakka fljúga".

Veljið allskonar bækur

Sumar bækur búa til hljóð eða innihalda fyrirmæli um "hreyfingu", sem börnum finnst gaman af á þessum aldri. Bækur úr mismuandi efni (plast, karton) bjóða upp á að nota hendurnar, þukla, þreifa. Í sumum bókum á barnið að finna "týnda hluti" sem geta falist á myndum eða eru faldir undir "flipum". Þetta býður upp á umræður og samtöl sem efla orðaforðann.

Lesið stutt, einfalt og oft

Þriggja ára börn hafa öðruvísi úthald en tveggja ára börn. Finnið bækur með einföldum og stuttum texta. Lesið stutta kafla nokkrum sinnum á dag.

Leikið með leikföngin og talið saman

Notið leikföng barnsins. Setjið upp dýragarð með dýrunum. Búið til formúlubraut með bílunum. Raðið brúðunum í röð Talið um og spyrjið spurninga um leikinn.

Hver dagur er ævintýri

Veljið bækur út frá reynslu barnsins s.s. að klæða sig, að borða, fara í heimsókn, að sofa, að leika sér. Með því lærir barnið að setja sig í spor persónanna og lærir mörg ný orð.

Spyrjið spurninga

Verjið tíma í að **HLUSTA** á svör barnsins. Börn hafa miklar **meiningar/skoðanir** og áhuga á veröldinni. Hvetjið barnið til að segja frá því sem það hugsar. Með því byggir þú upp málproskann og veist um hvað barnið er að hugsa.

Lesið uppáhaldssöguna - notið áhugamálin

Lesið uppáhaldssöguna aftur og aftur. Veljið bækur sem barnið sýnir áhuga á og fjallar um "áhugamál" þess s.s. bíla, dýr, tunglið, sveitina. Þetta styður við og getur orðið uppspretta að lestraráhuga barnsins.



Er ekki gaman?

Prófið mismunandi bækur og mismunandi lestrartíma. Að lesa fyrir 3ja ára byggist á að byggja upp jákvæða upplifun af bókum. Það þarf ekki alltaf að ljúka við bókina.

GANGI YKKUR VEL:)